



Tourette-samtökin á Íslandi

Hátúni 10b, 105 Reykjavík - tourette@tourette.is - 8402210

Fréttabréf

nóvember 2009

Facebook hópur boðar til spjallkvölds - 19. Nóvember kl. 20

Tourette foreldrar á Facebook, sem nú eru rúmlega 30 talsins boða til spjallkvölds þann 19. nóv. n.k. kl. 20 í Kaffiteríunni á jarðhæðinni í Hátúni 10b. Einhverjir eru búnir að skrá sig á viðburð þennan á Facebook, en gaman væri að fleiri myndu koma líka. Tourette samtökin munu bjóða upp á kaffi og gos.

Þeir sem vilja í Facebook hópin þurfa að fara inn á www.Facebook.com, fara þar í Hópa/Groups, finna hópin *Tourette foreldrar* (slá heiti hópsins í „search for groups“ svæðið) og sækja um aðgang. Þegar sótt hefur verið um aðgang fær Arnþrúður, sem er stjórnandi hópsins, sjálfkrafa tölvupóst um það og getur samþykkt viðkomandi sem meðlim.

Nýtt blóð vantar í stjórnina innan tíðar! – Einn eða fleiri munu ekki gefa kost á sér áfram í vor

Tveir í stjórn hafa verið í stjórn í áratug og tveir í nokkur ár og sumir eru farnir að hugsa sér til hreyfings. Það virðist ekki auðvelt að manna stjórnir í litlum félögum sem okkar og munum við eflaust leita til fagfólks með að koma í stjórnina líka. Bæði er skynsamlegt að hafa einhverja eða einhvern með sem er fagaðili og svo sýnist okkur að ekki verði hægt að mynda 5 manna stjórn nema fá fagaðila inn líka.

Við auglýsum hér með eftir áhugasömum félagsmönnum sem vilja koma í stjórnina í vor á næsta aðalfundi og mjög gott væri að þeir myndu þá byrja að starfa með stjórninni t.d. frá áramótum og setja sig inn í málin.

Loveandlogic.com – Einn félagsmanna benti nýlega á vefsíðu þessa

Þetta er síða þar sem bæði er hægt að fá upplýsingar frítt og líka til kaups, t.d. kaupa bækur ætlaðar foreldrum og kennurum. Ef smellt er þarna á greinar (Articles, neðst á forsíðu) birtast ýmsir flokkar greina og undir hverjum flokki eru margar greinar sem virðast áhugaverðar og eru bæði á html og pdf formi.

Þarna er t.d. að finna grein um þrjár gerðir foreldra, ráðgjafann, þyrluna og liðþjálfann á slóðinni www.loveandlogic.com/pages/threetypes.html og grein sem heitir „Ekki fleiri orustur um heimanám“ http://www.loveandlogic.com/pages/homework_battles.html, og margar fleiri greinar má sjá þarna með áhugaverða titla.

Þýðingu breska upplýsingapakks er nánast lokið – Bæklingarnir verða á Tourette-vefnum

Búið er að ljúka við þýðingu þessara bæklinga:

- Q & A Questions and Answers on Tourette Syndrome
- Classroom Management Techniques for ADHD & Related Features
- Gilles de la Tourette Syndrome A Guide for Teachers
- Gilles de la Tourette Syndrome A Practical Guide for Teachers
- Gilles de la Tourette Syndrome Guidelines for the Police
- Gilles de la Tourette Syndrome A Practical Guide for Doctors

Og einn nýlegur bæklingur er í þýðingu. Bresku Tourette samtökin heita nú Tourettes Action. Núna í nóvember eða í desember munu bæklingar þessir verða aðgengilegir á www.tourette.is

Næsta námskeið – sjá um það á vefsíðunni

Nokkrir eru á biðlista og muni fleiri skrá sig á næstu vikum þá vonumst við til að messufært verði í ársbyrjun 2010. Sjá nánar um námskeiðið á vefsíðunni okkar á slóðinni:

www.tourette.is/Xodus.aspx?id=43&MainCatID=15

Og svo eru það hefðbundnu upplýsingarnar og áminningarnar:

Sjónarhóll, ráðgjafamiðstöð – Hvetjum fólk til að nýta sér þjónustu Sjónarhóls. Þar er að finna fagfólk, uppsafnaða reynslu og heilmikla hjálp að fá í sambandi við ýmis mál og margir okkar félagsmanna hafa nýtt sér þetta og fengið góðar úrlausnir. Slóðin er www.sjonarholl.net



ADHD samtökin – Fylgist líka með vef ADHD samtakanna, þar er ýmis gagnlegur fróðleikur, upplýsingar um námskeið og einnig margt frétt næmt fyrir okkur, slóðin þeirra er www.adhd.is

Tölvumiðstöð fatlaðra – Fylgist líka með vef TMF, þar má sjá um hvaða starfsemi og ráðgjöf er í gangi og dagskrá um námskeið er þar að finna á forsiðu, slóðin þeirra er www.tmf.is. Athugið að ekki kostar neitt að leita þar ráðgjafar og vægt verð er á námskeiðum þeim sem boðið er upp á.



Fyrir nýja félagsmenn – Endilega hafið samband með því að hringja eða senda tölvupóst. Ef ekki er svarað strax í símann, þá talið inn á talhólfíð þar sem þetta er gsm sími og Erla gjaldkeri hringir síðan til baka um leið og færi gefst. Við skjótum á fundi með fólki með litlum fyrirvara ef þarf, til dæmis vegna erfiðleika í skóla, erfiðra aðstæðna þar o.fl.þ.h. Ef þið lendið í að fá ekki tölvupóst innan mánaðar eftir að þið skráið ykkur, þá hafið samband aftur. Tveir aðilar eru í því að skrá netföngin og fyrir getur komið að misfarist að setja netfang á tölvupóstlistann.

Minum að venju á félagsgjöldin – Allmikill fjöldi hefur þegar greitt, en betur má ef duga skal! Gjöldin eru aðeins kr. 1.700.-

Minum einnig á að tilkynna breytingar á netföngum og heimilisföngum – Verulegur misbrestur er á að fólk tilkynni slíkar breytingar og alltaf er nokkuð mikið um að við fáum fréttabréf í hausinn og tölvupósta. Einnig er allmikið um yfirfull póstsvæði hjá tölvupóstþjónustum og sum ykkar missa af póstum þess vegna. Endilega sendið okkur tölvupóst á tourette@tourette.is um breytingar.